


# Afstöðumynd

1 : 500

| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Skráningartafla:** Völuskarð 19 | | | | | **Skrásetjari:** Þórey Edda Elísdóttir | | | | | | | | | | | | |
| **Landnúmer:** 227984 | | | | | **Kennitala:** 3006774529 | | | | | | | | | | | | |
| **Matshlutanúmer:** 01 | | | | | Útgáfa: 4.01t **Dags.:** 8.4.2021 | | | | | | | | | | | | |
| **Uppskipting og lýsing** | | | | | **Stærðir** | | | | | | | | | | | | |
| D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Höfuð-flokkun | D4 Eignar-hald | D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D16 Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | D17 Skipta-rúmmál m³ |
| | | **Matshluti** | | | 255,3 | 0,0 | 5,0 | 3,8 | 251,5 | 0,0 | | | 849,2 | 222,8 | 251,5 | | 795,078 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 33,1 | | | | |
| | 01 | **1. hæð** | | | 165,7 | 0,0 | 5,0 | 0,0 | 165,7 | 0,0 | | | 512,8 | 145,8 | 165,7 | | |
| A | 0101 | **Íbúð** | N | 0101 | 125,3 | | 5,0 | | 125,3 | | 3,10 | 3,10 | 388,4 | 109,2 | 125,3 | 3,10 | 338,520 |
| A | 0102 | **Bílskúr og geymsla** | B | 0102 | 40,4 | | | | 40,4 | | 3,08 | 3,08 | 124.4 | 36,6 | 40,4 | 3,08 | 112,728 |
| B | 0103 | **Skyggni** | U | 0101 | 2,4 | | | | 2,4 | | 3.03 | 3,03 | 7,3 | | | | |
| | 02 | **2.hæð** | | | 89,6 | 0,0 | 0,0 | 3,8 | 85,8 | 0,0 | | | 303,3 | 77,0 | 85.8 | | |
| A | 0201 | **íbúð** | N | 0101 | 89,6 | | | 3,8 | 85,8 | | 2,74 | 4,33 | 303,3 | 77,0 | 85,8 | 3,39 | 261,030 |
| C | 0202 | **Svalir** | S | 0101 | 82,8 | | | | 82.8 | | | | | 82,8 | | 1,00 | 82,800 |

**Athugasemdir**

Bílskúr 0102 tilheyrir 0101

**Sameignir sumra**

**Eignarhald**

| | Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Skiptarúmmál Séreign m³ | Skiptarúmmál Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|---|
| | 0101 | **Íbúð** | 211,1 | 682,350 | 682,350 |
| | 0102 | **Bílskúr og geymsla** | 40,4 | 112,728 | 112,728 |
| | | **Alls** | 251,5 | 795,078 | 795,078 |

# Skráningartafla

## BYGGINGARLÝSING

**Almennt**

Einbýlishús á lóðinni Völuskarð 19 í Hafnarfirði, landnúmer 227984.
Húsið er timburhús á steyptum grunni á tveimur hæðum.
Allt efnisval í húsið er með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif þess. Komið er inn um aðalinngang inn í anddyri. Úr anddyri er komið í alrými þar sem er stigi upp á 2. hæð. Í alrými er sjónvarpsshol sem nýtur birtu frá glugga við stigaop á 2.hæð. Frá sjónvarpsholi eru þrjú svefnherbergi, þvottahús og baðherbergi. Á 1.hæð er einnig tómstundaherbergi með sér inngangi og baðherbergi. Á 2. hæð er opið rými stofu og eldhúss. Á 2. hæð er líka hjónaherbergi ásamt fataherbergi og snyrtingu.
Hönnun á aðkomu á jarðhæð miðast við þarfir hreyfihamlaðra en þar sem byggingin er á tveimur hæðum fellur hún ekki undir ákvæði um algilda hönnun. Frávik er frá skilmálum. Húsið nær ekki að bundinni byggingarlínu sem er sögð eiga að vera að lágmarki 9 m löng.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að íbúðaeigendur eigi sameiginlega djúpgámalóð og að lausar sorptunnur séu ekki inn á lóðum. Næsta djúpgámalóð er við suðurenda lóðar og verða settir þar djúpgámar til flokkunar á sorpi þegar hverfið verður fullbyggt. Þangað til er heimild til að hafa sorptunnur og verða þær því tímabundið staðsettar við suðurhorn hússins. Í eldhúsinnréttingu verður flokkunarkerfi fyrir 4 flokka sorps. Læstur lyfjakassi í eldhúsi og læstur skápur fyrir ræstivörur verður í baðherbergi neðri hæðar og í eldhúsi á efri hæð. Snjógrindur verða fyrir ofan hurð á norðurhlið húss. Póstlúga er í útidyrahurð.

**Burðarvirki**

Burðarvirki hússins er timbur og steypa. Sökklar og stoðveggir eru staðsteyptir á þjappaða frostfría fyllingu og eru með 150 mm sökkulmottum að utanverðu. Botnplata er steinsteypt á þjappaða frostfría fyllingu og einangruð með 150 mm plasteinangrun að neðanverðu. Fylling undir sökkla er í kóta 42,60 m.
Útveggir og hluti innveggja eru úr krosslímdum timbureiningum.
Gólfplata 2. hæðar er úr krosslímdum timbureiningum.
Stigi á milli hæða er úr krosslímdum timbureiningum.
Þakplata er úr krosslímdum timbureiningum með 9° halla að niðurföllum.

**Utanhússfrágangur veggja**

Steyptur veggur neðri hæðar (stoðveggur) er einangraður að utan með 150 mm sökkulmottum og klæddur með takkadúk.
Aðrir útveggir eru einangraðir með 150 mm steinull og klæddir með loftræstum dökkgráleitum sementstrefjaplötum og standandi loftræstri viðarklæðningu sem gránar með tímanum. Báðar klæðningar eru endingargóðar, viðhaldsfríar og veðurþolnar.
Innanhúss eru veggir annarsvegar sýnilegar hvíttaðar límtréseiningar og hinsvegar eru veggir gifsklæddir, sparstlaðir og málaðir.

**Utanhússfrágangur þaks og svala**

Þak er úr CLT einingum með ásoðnu pappalagi, 220 mm steinullareinangrun sem er skipt í undir og yfirlagsplötu. Ofan á einangrun kemur tvöfalt lag af ásoðnum pappa í flokki $B_{roof(t2)}$, þá bolladúkakerfi og jarðvegsdúkur. Ofan á jarðvegsdúk kemur 5-7 cm þykkt jarðvegslag sem er samsett úr vikri, gjallsandi og moltu, jarðvegsnet og að lokum er þakflötur klæddur með einu 13-15 cm lagi af úthaga torfi sem snýr upp. Setja skal aukalög við útkanta til að halda rakajafnvægi í þekjunni. Við jaðra skal leggja 10-20 cm helluband ofan á jarðveg í stað torfs. Afvötnun verður tekin í hallandi þaki og regnvatn leitt út á við í regnvatnskerfi byggingarinnar og í siturbeð á lóð. Svalir eru byggðar upp sem viðsnúið þak. Ofan á CLT einingu kemur ásoðið pappalag þá 200 mm timburgrind með 200 mm steinullareinangrun milli grinda. Á grindina er síðan lagður krossviður sem er fleygaður að niðurföllum og á hann lagður tvöfalt lag af ábræddum pappa í flokki $B_{roof(t2)}$. Að lokum koma timburgrindur og pallur.

**Loft og innveggir**

Innveggir eru úr krosslímdum timbureiningum, ýmist óklæddum eða klæddum með einföldu 13 mm gifsi eða blikkgrind með steinullareinangrun milli stoða, klæddir með 9 mm krossvið og 13 mm gifsi á báðum hliðum, sparstlaðir og málaðir. Loft eru niðurtekin að hluta. Loft er klætt með klæðningu í flokki 1.

**Handrið**

Handrið á svölum og við stiga upp á 2.hæð, utanhúss er úr stáli og eru heitgalvanhúðuð og pólýhúðuð. Handrið við stiga innanhúss er úr lóðréttum stálrimlum. Öll handrið skulu ná upp í 110 cm hæð og með hámarksbil 89 mm.

**Gluggar og hurðir**

Gluggar eru ál/tré gluggar með topphengdum opnanlegum fögum. Björgunarop með 60x116 cm ljósopi eru í gluggum í svefnherbergjum. Allt gler er tvöfalt K-gler með 12 mm loftbili. Þar sem gluggar á 2. hæð eru með minni hæð en 60 cm frá gólfi eiga gler að vera með öryggisgleri. Hurðir eru úr ál/tré. Litur hurða og glugga er dökkgrátóna RAL 7016.

**Brunavarnir**

Byggingin er í notkunarflokki 3. Klæðning utanhúss er í flokki 1 og 2. Byggingin er 2 brunahólf, íbúð og bílskúr. Veggjaklæðningar og loftaklæðningar innanhúss eru í flokki 1 eða 2, nema í bílskúr þar sem flokkur 1 er notaður.
Útveggjaklæðningar eru í flokki 1. Einangrun útveggja og þaks eru úr óbrennanlegri steinull og ábræddur pappi á þaki og á svalagólfi í flokki $B_{roof(t2)}$.
Byggingarefni í svalagólfi eru í flokki D-s2,d0.
Björgunarop sem geta haldist í opinni stöðu, eru í svefnherbergjum.
Eldvarnarhurð $EI_2$ 30-$CS_m$ er milli bílskúrs og anddyris. Útidyrahurð í bílskúr er án glers vegna sambrunahættu. Reykskynjarar og slökkvitæki eru staðsett samkvæmt teikningu. Slökkvitæki skulu vera dufttæki eða froðutæki af viðurkenndri gerð, lágmark eitt tæki af stærðinni 13A á hvorri hæð auk slökkvitækis í bílskúr og í tómstundaherbergi. Eldvarnarteppi af viðurkenndri gerð skal vera í eldhúsi og tómstundaherbergi.

**Lýsing**

Útilýsing stýrist af sólklukkurofa. Innanhúss verða uppfylltar kröfur um meðaldagsbirtustuðul í viðverurýmum. Lampabúnaður verður með dimmanlegum LED ljósgjöfum og verður hann ýmist utanáliggjandi eða innfelldur.

**Lagnir**

Inntak fyrir hitaveitu og neysluvatn er í norðausturhorni bílskúrs en fyrir síma og rafmagn í suðausturhorni bílskúrs. Tengibúnaður vegna hleðslu rafbíla verður í suðausturhorni bílskúrs. Gert er grein fyrir raflagnaleiðum og tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla á rafmagnsteikningum.
Heitt neysluvatn er upphitað kalt vatn og er það hitað með varmaskipti.
Neysluvatnslagnir liggja í (heitt vatn) eða undir (kalt vatn) gólfplötu 1. hæðar í lagnagrind á stoðvegg og í einhverju leiti í milliveggjum og í gólfi 2. hæðar.
Lagnir fyrir heitt vatn liggja í gólfplötu 1. hæðar. Hámarkshiti neysluvatns er 65°C.
Tvöfalt fráveitukerfi verður fyrir bygginguna, regnvatnskerfi og skólpkerfi.
Þakrennur og niðurfallsrör eru gerðar úr áli.

**Upphitun og útloftun**

Upphitun er frá hitaveitu með gólfhitakerfi. Í húsinu er vélrænt loftræstikerfi samkvæmt reglugerð. Útloftun er í gegnum loftræstikerfi og opnanleg fög.
Loftræstisamstaðan verður staðsett í þvottahúsi.
Hámarkshiti inn á gólfhitakerfi er 45°C. U-gildi einstakra byggingarhluta:

| | Raungildi | Krafa | Ein.þykkt | Gerð |
|---|---|---|---|---|
| Botnplata | 0,20 W/m²K | 0,30 W/m²K | 150 mm | Plast |
| Stoðveggur | 0,36 W/m²K | 0,40 W/m²K | 150 mm | Sökkulmottur |
| Útveggir | 0,20 W/m²K | 0,40 W/m²K | 150 mm | Steinull |
| Þak | 0,20 W/m²K | 0,20 W/m²K | 220 mm | Steinull |
| Svalir | 0,20 W/m²K | 0,20 W/m²K | 200 mm | Steinull |
| Gluggar | 1,00 W/m²K | 2,00 W/m²K | | |
| Hurðir | | 3,00 W/m²K | | |

**Stærðir**

| | |
|---|---|
| Brúttóflatarmál | 251,5 m² |
| Brúttó rúmmál | 849,2 m³ |
| Stærð lóðar | 806,3 m² |
| Nýtingarhlutfall | 0,31 |
| Fjöldi bílastæða á lóð | 3 |

SHS
13.04.2021

Samþykkt þann
14. APR. 2021
*Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði*

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Hönnunarstjóri: Þórey Edda Elísdóttir, kt. 300677-4529 ÞEE | Áritun hönnunarstjóra: |
| Breyting dags: | Samþykkur: | Verk: Völuskarð 19 - Hafnarfirði | Hannað / teiknað: ÞEE |
| | | | Yfirfarið: BÞE |
| | | Viðfangsefni: Afstöðumynd, byggingarlýsing og skráningartafla | Dagsetning: 13.4.2021 |
| | | | Samþykkur: Þórey Edda Elísd |
| | | RÁÐBARÐUR SF. RÁÐGJÖF OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTA — Bjarni Þór Einarsson MTFÍ, Byggingartæknifræðingur Bsc. kt. 310348-2449, Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga, bthe@itn.is, Símar: 455-2511, 892-8296, fax: 455-2509 | Mælikvarði: 1 : 500 |
| | | | Verk - Teikning númer: 210305 - VS19101 |